

Fundur var haldinn í stjórn SKA, föstudaginn 06. nóvember 2015 kl. 12:00 á Borgarfirði.

Mætt: Jón Þórðarson formaður stjórnar, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Vilhjálmur Jónsson, Gauti Jóhannesson, Ólafur Áki Ragnarsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

Jón setti fundinn, bauð stjórnarfolk velkomið og stjórnaði fundi.

### Dagskrá fundarins.

1. Undirbúningur aðalfundar
  2. Önnur mál
1. Lagður var fram ársreikningur SKA fyrir árið 2014. Rekstrarafgangur var kr. 3,9 millj. samkv. rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 2,2 millj. kr. samkv. efnahagsreikningi. Ársreikningurinn var undirritaður af stjórn og samþykkt að vísa honum til aðalfundar. Fjárhagsáætlun SKA 2016 var lögð fram. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði kr. 54.279.437,- Aðrar tekjur, samtals kr. 17.900.000, ásamt framlögum vegna málefna fatlaðs fólks kr. 390.000.000,- Rekstrargjöld verða samtals kr. 468.179.437,- mismunur kr. 6.000.000,- verði greiddur úr sjóði. Fjárhagsáætlun vísað til aðalfundar til samþykktar.
  2. Nokkrar umræður urðu um aukinn launakostnaður við málefni fatlaðs fólks sem hefur orðið vegna starfsmats í síðustu kjarasamningum hjá því starfsfólki sem vinnur við málaflokkinn. Á síðasta fundi framkv.stjórnar voru þessi mál rædd og þá samþykkt að senda Jöfnunarsjóði erindi þar sem sjóðurinn er hvattur til að leiðrétta framlögin í samræmi við aukinn kostnað af starfsmatinu. Enn hafa engin viðbrögð borist við erindinu frá sjóðnum.  
**Stjórnin samþykkir samhljóða að veita framkvæmdastjórn SKA fullt umboð til að afgreiða málið.**

Forstöðumaður sagði frá verkefninu Bættur námsárangur. Verkefnið gengur vel og eru skólar áhugasamir og leggja sig fram við þátttöku í því. Fundarmenn voru áhugasamir og ánægðir með hversu verkefnið fer vel af stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:45  
Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson